

**Ed.**

**548. Breytingartillögur**

[225. mál]

við frv. til l. um Hússtjórnarkennaraskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

1. 5. gr. orðist svo:

Inntökuskilyrði í Hússtjórnarkennaraskóla Íslands eru:

Stúdentspróf ásamt 20 vikna hússtjórnarnámskeiði eða próf úr hússtjórnarskóla að viðbættu prófi úr tveggja ára framhaldsdeildum gagnfræðaskóla.

Með samþykki menntamálaráðuneytis má veita unisækjendum með annað nám að baki skólavist, ef skólastjórn telur það jafngilt og mælir með því. Þeir, sem besta undirbúningsmenntun hafa, sitja fyrir um skólavist.

Nemandi skal sýna læknisvottorð um að hann sé eigi haldinn neinum kvilla, er öðrum geti að meini orðið og hamli skólavist að dómi skólastjórnar.

2. 2. mgr. 14. gr. orðist svo:

Þeir kennarar, er lokið hafa kandidatsprófi frá Norræna búsluskólanum eða kandidatsprófi frá annarri hliðstæðri stofnun í einhverri aðalkennslugrein skólans, að viðbættri menntun í uppeldisfræðum, sitja að öðru jöfnu fyrir um stöður.